

Garðheimar Gróðurvörur ehf.
Álfabakka 6
109 Reykjavík

Selfossi, 15. júlí 2025
UOS2505033/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits með plöntuverndarvörum sem fyrirtækið Garðheimar Gróðurvörur ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Vörurnar Alar-85 SG, BotaniGard WP, Neem Azal-T/S, Paraat, Select 240 EC, Ferramol N, Floramite 240 EC, Insekt Fri Spruzit N klar-til-brug, Toxan illgresiseyðir úði, UkrudtsFri KVIK Klar-til-brug og UkrudtsFri KVIK Koncentrat voru skoðaðar m.t.t. markaðsleyfis og merkinga, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014. Vörurnar uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum og telst málinu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Garðheimar Gróðurvörur ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttir, varðandi plöntuverndarvörur í síma 569 6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla